



Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frv til laga um breytingu á lögum um
atvinnuleysistryggingar 7.gr**

I.

Félagsmálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bandalags háskólamanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, 7. gr sem varðar réttindi þeirra sem þiggja bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna látins maka eða foreldris.

II. Afstaða Bandalags háskólamanna

Bandalag háskólamanna hefur kynnt sé efni frumvarpsins og tekur undir með flutningsmönnum að nauðsynlegt sé að leiðrétta það misrétti sem varð til á síðasta ári sem felst í því að atvinnuleysisbætur einstaklings geta skerst vegna tekna látins maka en skerðast ekki vegna tekna lifandi maka. Tilgangur frumvarpsins er sá að afnema umrædda skerðingu vegna látins maka.

Bandalag háskólamanna mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins

Hvað varðar almenn viðhorf Bandalags háskólamanna til laga um atvinnuleysistryggingar fylgir ályktun miðstjórnar bandalagsins frá 18. mars 1998.

Reykjavík, 24. mars 1998

Martha Á. Hjálmarsdóttir,
formaður

Miðstjórn Bandalags háskólamanna Ályktun 18. mars 1998

Miðstjórn Bandalags háskólamanna mótmælir harðlega þeirri ákvörðun úthlutunarnefndar tvö fyrir höfuðborgarsvæðið að fela Verslunarmannafélagi Reykjavíkur umsýslu um málefni atvinnulausra félagsmanna aðildarféлага bandalagsins. Sú tilhögun að skattkort félagsmanna séu lögð inn hjá vinnumiðlunum eða Vinnumálastofnun kemur engan vegin til móts við sjónarmið miðstjórnar Bandalags háskólamanna. Um niðurstöðu úthlutunarnefnda og stjórnar Atvinnuleysis-tryggingasjóðs er því ekki sátt.

Miðstjórn Bandalags háskólamanna krefst þess að með málefni atvinnulausra sé farið samkvæmt jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga. Á það annars vegar við um aðkomu stéttarféлага að ákvarðanatöku um mál atvinnulausra og hins vegar um möguleika stéttarféлага til að veita atvinnulausum félagsmönnum sínum félagslega þjónustu.

Miðstjórn Bandalags háskólamanna lýsir jafnframt áhyggjum sínum af því hversu oft atvinnulausir þurfa að leita til umboðsmanns Alþingis til að klaga meðferð mála þeirra og hve oft slíkar klögur eiga við rök að styðjast.

Miðstjórn Bandalags háskólamanna telur brýnt að heildarendurskoðun á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð og um Vinnumálastofnun verði gerð með það í huga að sett verði ein heildstæð lög um bótarétt og úrræði fyrir atvinnulausa sem tryggja þeim þau réttindi sem þeim ber samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum og frá mannréttindasjónarmiði. Miðstjórn Bandalags háskólamanna leggur til eftirtaldar breytingar í þeim tilgangi:

1. Úthlutunarnefndir verði skipaðar á landsvísu á grundvelli heildarsamtaka til að skapa öllum heildarsamtökum launamanna sambærilegan rétt til afskipta af málefnum atvinnulausra félagsmanna sinna. Hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda komi á sama hátt að málefnum vegna sinna umbjóðenda, þar með talið ríki og sveitarfélög. Atvinnuleysisbætur verði hækkaðar og tengdar við laun viðkomandi.
2. Kannaður verði til hlítar sá möguleiki að hvert stéttarfélag eða samtök stéttarféлага myndi eigin atvinnuleysisbótasjóði og beri ábyrgð á því í samvinnu við hlutaðeigandi vinnuveitendur að þeir sem rétt eigi til bóta njóti þess og aðrir ekki. Vinnuveitendur bæru þá skyldu að upplýsa um starfslok starfsmanna sinna til viðkomandi fagstéttarfélags sem síðan bæri ábyrgð á félagslegri þjónustu við þann atvinnulausa..
3. Bandalag háskólamanna fái rétt til að tilnefna fulltrúa í stjórn Vinnumálastofnunar, svæðisvinnumiðlana og svæðisráða eins og önnur heildarsamtök launamanna. Opinberir vinnuveitendur, ríki og sveitarfélög, tilnefni þar einnig fulltrúa.
4. Komið verði á markvissum vinnumarkaðsaðgerðum til að draga úr atvinnuleysi með því að skapa ný atvinnutækifæri með markvissri fræðslu og starfsþjálfun atvinnulausra og með markvissri aðstoð stjórnvalda við smá og meðalstór fyrirtæki sem byggja starfsemi sína á hátækni og sérhæfingu.